



Norðurþing

KETILSBRAUT 7-9 640 HÚSAVÍK sími 464-6100 kt.-640169-5599

Umhverfis- og orkustofnun
Austurvegi 20
800 Selfoss

Efni: Niðurstöður skráninga 2025 fyrir urðunarstað Norðurþings við Kópasker

Í starfsleyfi fyrir Urðunarstað við Kópasker kemur fram í kafla 5. að rekstraraðili skuli hafa reglulegt eftirlit og gera skil árlega á eftirfarandi:

1. Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á mót, sbr. gr. 4.1.
 2. Úrgangur sem hafnað er til urðunar, þar með talin magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til viðeigandi móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, sbr. gr. 4.1.
 3. Staðan á urðunarstaðnum; svæði undir úrgangi, aðferðir við urðun, hvenær og hversu lengi er urðað og útreikningar á því rými sem eftir er á staðnum.
 4. Breyting á umfangi urðaða úrgangsins (sig).
 5. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.5 og 2.6.
-
6. Niðurstöður eftirlitsmælinga, sbr. gr. 5.2.
 7. Daglegt magn úrkomu á staðnum.
 8. Daglegt hitastig; lágmark, hámark og kl. 12 á hádegi.
 9. Dagleg stefna og styrkur ríkjandi vindáttar.
 10. Loftraki, daglega kl. 12 á hádegi.
 11. Dagleg uppgufun.

Skráningar:

1. Á Kópaskeri var tekið við 680 tonnum til urðunar árið 2025. Úrgangur sem safnað er kemur frá fyrirtækjum og heimilum af svæðinu og eru ÍSAT flokkarnir 13 talsins. Langmest er í flokki ÍSAT 38.1 sem er almennt sorp frá heimilum og fyrirtækjum, eða um 350 tonn. Ítarlegum gögnum var skilað í gagnagátt UOA þann 10. febrúar 2026.
2. Engum úrgangi var hafnað til urðunar árið 2025.
3. Áætlað svæði sem þegar hefur verið nýtt m.v. deiliskipulag er innan við 40%. Aðferð við urðun hefur verið sú sama, grafinn er skurður sem er urðað yfir þegar hann er fullur. Aðeins einn skurður er opinn hverju sinni.
4. Ekki er mögulegt að reikna út sig þar sem fastir mælipunktur eru ekki til. Úr þessu verður bætt í sumar komandi (2026).



Norðurþing

KETILSBRAUT 7-9 640 HÚSAVÍK sími 464-6100 kt.-640169-5599

5. Engin mengunaróhöpp hafa orðið og því engar skráning til um óhöpp.

6. Sjá meðfylgjandi viðhengi – [Niðurstöður eftirlitsskýrslu Eflu verkfræðisstofu](#).

Liðir 7-11 eru fengnir frá eftirlitsaðila rekstraraðila, en Efla verkfræðistofa hefur aflað þeirra gagna.

Sjá meðfylgjandi þrjú viðhengi – [Veðurgögn Húsavík 2025](#), [Veðurgögn Kópasker 2025](#) og [Uppgufun Norðurþing 2025](#).

Virðingarfyllst,

Húsavík, 28. apríl 2026

Elvar Árni Lund
Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs